# ÁSHAMRAR 50

**ÁSHAMRAR 50**
**REITUR 6.A HAMRANESI**
**LANDEIGNANÚMER – L231977**
**MHL01 : Ashamrar 50**
**MHL02 : Ashamrar 50 Djúpgámar**

**BYGGINGARLÝSING / GREINARGERÐ HÖNNUÐA**
**a. Almennt**
Hönnun er í samræmi við hæðar- og mæliblað og gildandi almenna skilmála deiliskipulags Hamranes vestur ásamt sérskilmálum. Um er að ræða reit 6A.
Íbúðir eru hannaðar með hliðsjón til algildrar hönnunar sbr. 6.7.3.gr. í byggingareglugerð. Lýsingarþættir eru hönnunarþættir Arkís arkitekta ehf. nema annað sé tekið fram í efnisgreinum.
Húsbyggjandi hyggst Svansvotta Íbúðahluta bygginguna í samráði við Umhverfisstofnun sem er umsjónaraðili Svansins á Íslandi.

**b. Notkun:**
Ásharmar 50, matshluti 01, er fjöleignarhús með verslunarhúsnæði á jarðhæð og 4 íbúðarhæðum sem mynda eina samstæða heild. Húsið hefur tvo stigakjarna með lyftu sem er 5 hæðir, auk kjallarahæðar, með samanlagt 40 íbúðir. Aðkoma að stigahúsum er á jarðhæð.
Í kjallara er bílakjallari, stoðrými og geymslur fiestra íbúða. Á jarðhæð eru verslunarrými auk stoðrými verslana eins og sorp, hjóla og vagnageymsla er jafnframt staðsett á jarðhæð. Útirými snúa til vesturs og suðurs, garði sem nýtist íbúum hússins og opinna svæða framan við atvinnurými. Garðsvæði fyrir íbúa skal ekki vera minna en 40% af heildarstærð garðs s.k.v. deiliskipulagi. Skilgreindir eru sérafnotareitir framan við öll atvinnurými og er heimilt að nota þá fyrir kaffiborð og stóla eða aðra hliðstæða starfsemi sem er öllum íbúum hússins til góða. Ekki er heimilt að reisa skjólveggi við sérafnotareiti né afmarka þá á annan hátt frá hinu opna rými heldur eru þeir einungis ætlaðir að auðga útirými og gefa því meira lífi bæði atvinnurekstrinum og íbúum til hagsbóta. Kaffihús eða hliðstæð starfsemi má vera opin að hámarki til 23.00 alla kvöldi. Útisvæði og sérafnotareiðir atvinnurýma skulu ekki vera minni en 30% heildarstærð garðs s.k.v. deiliskipulagi.
Á 2.-5. hæð eru íbúðir, aðgengilegt er að inngangsdyrum allra íbúða um svalganga. Póstkassar fyrir alla íbúðir eru staðsettir á fyrstu hæð við aðalinngang hússins. Aðalinngangur og aðalstigahús er kalt en afskermað að því leyti að það er læst öðrum en íbúum en opið úr því inn á allar íbúðahæðir. Eigendur verslunarrýmis fá aðgang að stigahúsum. Sorpgeymslur eru staðsettar á lóð í útigámum, matshluti 02, nálægt aðalinngangi samkv. deiliskipulagi og gatnahönnun, sem eru hluti af sameiginlegu losunarkerfi hverfisins. Sértæk sorpgeymsla er fyrir verslanir á jarðhæð og er hún nálægt innkeyrslu í bílakjallara. Íbúðir, aðkoma og umferðarsvæði á lóð miðast við krófur um algilda hönnun.
Lagnaleiðir verða lagðar að öllum bílastæðum við lóð og í bílakjallara til að tryggja möguleika á hleðslu rafbíla.
Lýsingu skal stýrt með hreyfiskynjari í bílageymslu, garði og stigum við húsið. Lýsing skal vera LED.

**c. Helstu stærðir** (sjá nánar stærðaryfirlit þr. hæðir í meðfylgjandi skráningartöflu mhl.01):

| **Byggingarhlutar**: | **A** brúttó m² | **A** brúttó m² | **B** brúttó m² | **=A+B** brúttó m² |
|---|---|---|---|---|
| **Mhl01** | | | | |
| Íbúðarhluti 2-5 hæð: | 3.734 m² | 11.069,3 m³ | 988,8 m² | = 4.722,8 m² |
| Jarðhæð | 848,2 m² | 3.467,3 m³ | 45,3 m² | = 893,5 m² |
| Kjallari | 2.186,9 m² | 6.179,9 m³ | | = 2.186,9 m² |
| Þak | -43,4 m² | | -30,5 m² | = -73,9 |
| Afgangsrými | | 263,9 m³ | | |
| Botnplata: | | 482,4 m³ | | |
| **Mhl01 samtals** | **6.725,7 m²** | **21.462,8 m³** | **1.003,6 m²** | **= 7.729,3 m²** |
| | | | | |
| **Mhl02** | | | | |
| Djúpgámar: | 22,5 m² | 59,5 m³ | | |
| **Mhl02 samtals** | **22,5 m²** | **59,5 m³** | | |

**d. Stærð lóðar, nýtingarhlutfall og bílastæði:**

| | |
|---|---|
| Lóðarstærð: | 2.855,5m² |
| Heildarstærð húss ofanjarðar skal vera að hámarki | 4.751,5m² |
| Íbúðir á 2. til 5. hæð skulu að hámarki vera | 3.750m² |
| Jarðhæð skal vera um | 1.000m² |
| Heimilt er að nýta allan byggingarreit kjallara. | |
| Nýtingarhlutfall lóðar skal vera að hámarki 1,7 að byggðum fermetrum ofanjarðar. Telja skal A-rými. | |

| | |
|---|---|
| Byggingarmagn 2 til 5. hæð Mhl 01: | **3.734** m² |
| Byggingarmagn jarðhæð Mhl 01 | **848,2** m² |
| Fyrirhugað byggingarmagn kjallara Mhl 01 | **2.186,9** m² |
| Djúpgámar: | **22,5** m² |
| Nýtingarhlutfall: | **2,3** (6.725,7 / 2.855,5) |
| Bílastæði á lóð Mhl 01: | **27** stæði, þar af **3** fyrir hreyfihamlaða |
| Bílastæði í bílakjallara Mhl 01: | **51** stæði, þar af **2** fyrir hreyfihamlaða |
| **Samtals:** | **78 stæði** |

**e. Burðarvirki**
Bygginin verður grunduð á fyllingu sem stendur á burðarhæfum botni. Undirstöður og botnplata eru járnbent og staðsteypt. Burðarvirki berandi út- og innveggja, bitar og súlur er járnbent og staðsteypt. Gólfplötur og svalgangar á milli hæða eru járnbentar og staðsteyptar. Stigar í stigahúsum og svalir verða forsteyptar einingar. Þakgluggar eru járnbentar og staðsteyptar, vatnshalli er tekinn út í steypu. Þakplata bílageymslu er staðsteypt. Lárétt afstífing bygginga gagnvart hliðarálagi frá vindi og jarðskjálfta er tekið upp með steyptum skerveggjum.

Á þak bílakjallara er hámarksheildarþyngd ökutækis 5 tonn og leyfður hámarks öxulþungi 3 tonn. Undantekning er gerð fyrir dælu- og körfubílsökkviliðs sem þurfa aðgengi ofan á völd svaði þakplötu. Þar er leyfður heildarþung 20 tonn og hámarksþungi punktálags 18 tonn. Dælu- og körfubíll hefur aðgang að skilgreindum svæðum sem hann hefur óhindraðan aðgang að.

**f. Utanhússfrágangur og litaval:**
Útveggir.
Húsin eru einangruð að utan með 100mm steinullar útveggjaeinangrun og klædd loftuðum álklæðningum og sementsbundnum plötum eða sambærilegt.

**Litir:**
Álklæðningar verða í ljósum jarðlitum. 1.hæð með sementsbundnum plötum í ljósgráum lit. Gluggar og útihurðir samlita álklæðningu. Burðarveggur við aðalinngang sem gengur upp allar hæðir verður með sjónsteypuáferð.
**Þök**
Þakplötur eru staðsteyptar og vatnshalli formaður í steypu. Þök eru viðsnúin með ásoðnum tjörupappa, XPS einangrun, jarðvegsfleytdúk, drenlagi og fargi/gróðurþekju. Þakkantar húss eru einangraðir, til að loka kuldabrúm.
Þak- og svalaniðurföll eru pvc lagnir, lagðar í einangrunarbil bakvið klæðningar.
**Gluggar og hurðir**
Gluggar og hurðir eru álþimbur með hvítmáluðu timbur yfirborði að innan. Allir gluggar og hurðir eru verksmiðjuframleidd með slitinni kuldabrú frá viðurkenndum framleiðanda. Gler er tvöfalt einangrunargler.
Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi, hljóðkröfur sbr. greinargerð hljóðhönnuðar og vera vottaðir af NMÍ. Gler í gluggum og hurðum í útveggjum verða í samræmi við öryggiskröfur í leiðbeiningarblöð NMÍ rfs(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á. Allar inngangs og sameiginarhurðir skulu uppfylla kröfu um hindunaraust umferðarmál bxh amk. 0,83x2,07m og allar svala- og garðhurðir og hurðir innanhúss a.m.k. 0,8x2,0m. Gluggar og hurðir eru settar í eftir á, þéttar með klitti að innan, tróði og tjöruborða að utan. Öll opnanleg fög glugga skulu búin öryggislokun / -keðju, sem tryggir að opnun verði ekki meir en 89mm.
**Svalir og Svalagangar**
Svalir eru forsteyptar, gólf eru steypt með halla að niðurfalli. Handrið eru rafbrynjað eða pólýhúðað ál með glerlokun að hluta. Ekki er gert ráð fyrir svalalokunum á svölum.
Svalagangar eru staðsteyptir með halla að niðurfalli. Á þeim er viðurkennt svalalokunarkerfi úr stáli og gleri, galvaniseraðir og þólíhúðaðir stálrammar, loftraopnum að neðan 100mm, hliðum 75mm og að ofan 500mm.

**g. Handrið innan- og utanhúss:**
Handrið utanhúss á svölum er 1000 mm á hæð, frágangur skv. gildandi reglugerðum og teikningum arkitekts.
Burðarkerfi er hubað ál og lokun úr öryggisgleri, með gegnsæi yfir 50%. Opið bil í eða við handrið skal hvergi vera meira en 89mm skv. brg. og leiðbeiningum HMS. Handrið á svölum eru klædd að neðan í samræmi við klæðningu hússins. Ekki er gert ráð fyrir svalalokunum á svölum.
Handriði innanhúss í stigahúsum er stál, með lóðréttum stálrimum, fest utan á steypta stiga. Handriðshæð er skv. brg.1100-1200 mm á hæð.

**h. Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:**
Einangrun nýbyggingarhluta er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr.112.
Allt Á rými er miðað við rýmishita >18°c, fyrir utan bílakjallara honum verður haldið frostfríum (>5°C) með lágmarkshitun.

| **U-gildi Bygginarhluta** | **W/m²K** | **ein.þykkt** | **gerð** |
|---|---|---|---|
| Gólf-botnplata íbúðarhluta | 0,27 | 100mm | Plast |
| Útveggir steyptir, einangraðir að utan íb. | 0,38 | 100mm | Steinull |
| Útveggir að jarðvegi | 0,36 | 100mm | Plast |
| Þak meginbyggingar | 0,16 | 200mm | Plast XPS |
| Gluggar | 1,30 | | |
| Hurðir | 1,30 | | |
| | | | |
| Útveggir-vegið meðaltal | | | |
| (veggir gluggar/hurðir) hámark. | 0,85 | | |

Staðfesta skal orkuútreikninga. Miðað er við 160 kWh/m2 á ári. Forritin sem eru leyfð eru af Svaninum heita Simien, IDA, ICE, VIP+ og BV2

**i. Innanhússfrágangur:**
**Innveggir**
Innveggir eru ýmist steyptir sbr. lýsingu burðarvirkjahönnuðar, léttir stálgrindarveggir eða hlaðnir með hleðslusteini.
Innra birgði steyptra útveggja verður slípað, sandspartlað og málað. Innveggir verða almennt hlaðnir léttsteinsveggir (td. Ytong), sandspartlaðir og málaðir myglu- og sveppaþolinni votrýmismálningu eða / og flísalagðir í votrýmum þar sem það á við. Hljóðkröfur innveggja koma fram í greinargerð hljóðhönnuðar.
**Innihurðir**
Inngangshurðir í íbúðir eru almennar útihurðir.
Innihurðir innan íbúða og geymsluhurðir eru hefðbundnar timburhurðir, nema annað komi fram á teikningum arkitekts.
Innihurðir með brunakröfu EI30-CS/m eru málaðar timburhurðir. Innihurðir með brunakröfu EI60-CS/m eru málaðar stálhurðir.
Allar innihurðir skulu uppfylla kröfur um aðgengi sbr. algilda hönnun. Staðsetning hurða og opnun tekur mið af kröfum um algilda hönnun, eða er hægt að snúa banni að þær uppfylli þær kröfur, skv. leiðbeiningum HMS um dyr innanhúss, ganga og anddyri, almennar kröfur til íbúða og íbúða algildrar hönnunar.
Hljóðkröfur innihurða koma fram í greinargerð hljóðhönnuðar og á séruppdráttum.
Brunakröfur koma fram í kafla I. Brunavarnir og á teikningum arkitekts.
**Gólfefni**
Gólf íbúða eru staðsteypt í rétta hæð. Almennt eru gólf í íbúðum lögð harðplastparketi (Svansvottað) og bað eru flísalögð. Gólf eiga að uppfylla kröfur m.v. flokk C skv. ÍST45, t.d. með hljóðdúk undir gólfefni.
Í verslunarrýmum er gólf steypt í rétta hæð tilbúin til gólfefna. Gólfefni verða mismunandi enda háð þeirri starfsemi sem þar kemur inn. Á grunnmyndum jarðhæða eru sýndar líklegar lausnir af rýmum sem gætu aðlagast starfsemi og verða þá lögð inn aftur til sambykktar hjá byggingarfulltrúa.
Gólf tæknirýmis, geymsla, hjóla- og vagnageymslu og sorpgeymsla verslana verða vélslípuð og lökkuð svansvottuðu vatnslakki. Í bílakjallara er gólf steinsteypt með halla að niðurföllum.
**Innra fyrirkomulag og innréttingar**
Innra fyrirkomulag og innréttingar íbúða skulu uppfylla almennar kröfur byggingarreglugerðar og leiðbeiningar HMS um stærðir sbr. áætlaðan fjölda íbúa þr. íbúð, rýmd og aðgengi, auk krafna til íbúða algildrar hönnunar. Eldhús-, það- og anddyrisinnréttingar taka mið af kröfum byggingarreglugerðar eða er hægt að breyta skv. þeim kröfum. Umferðarrými framan við innréttingar taka einnig mið af sömu kröfum eða er hægt að auka með minniháttar breytingum, sbr. leiðbeiningar HMS.

**j. Lagnir**
Húsið er upphitað með hefðbundnum ofnum á öllum hæðum. Atvinnuhúsnæði er upphitað með loftræstikerfi og tekur mið af þeirri starfsemi sem kemur til að vera í húsnæðinu
Stofnlagnir af deilikistum ofna eru stállagnir. Frá deilikistum ofna eru lagnir innsteyptar rör í rör lagnir með súrefnishápu. Neysluvatns og þrifalagnir eru plastlagnir. Varmaskiptir er notaður fyrir heitt neysluvatn staðsettur í tæknirými húss. Hitastig á neysluvatni er hámark 60-65°C. Deilikista neysluvatns og hitalagna er inná þvottahúsum hverrar íbúðar með lokum á stofni til að hægt sé að loka fyrir vatn gerist þess þörf Allar lagnir eru leiddar um lagnastokka með brunamótstöðu EL60 niður í grunnlagnakerfi hússins. Allar lagnir eru einangraðar.
**Snjóbræðsla**
Snjóbræðsla er í gangstéttum fyrir framan hvert hús og að aðki í bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Útistiga og rampi niður í bílakjallara. Notast er við frárennsli ofnakerfis við snjóbræðslu.
**Blágrænar ofanvatnslausnir**
Ofanvatn og ræsivatn er veitt aftur í jarðveg til að viðhalda náttúrulegri hringrás vatnsins. Við ofálag á kerfið verður vatni veitt í hefðbundin fráveitukerfi þæjarfélags.
**Loftræsting**
Sjálfstætt loftræstikerfi er í hverri íbúð sem tryggir viðunandi magn fersklofts og útsogs í hverju rými.
Loftræstisamstæðan er með hitaendurvinnslu sem nýtir varma frá útsogi til upphitunar á ferskloftí. Samstæðan er staðsett út á svölum og frá henni eru barkar að hverju rými innsteyptir í loftaplötu. Hefðbundin loftræsting er í kjallara og atvinnurými.

**k. Rafkerfi**
Allar raflagnir byggingar skulu fullnægja gildandi lögum, reglugerðum og stöðlum eftir því sem við á. Allt raflagnaefni og rafmagnstæki skulu vera CE-vottað og uppfylla þær grunnkröfur um öryggi sem tilskipanir Evrópusambandsins kveða á um.
Staðlar og reglugerðir:
- ÍST 200 Raflagnir bygginga (Electrical installations of buildings)
- ÍST 150:2022 Raflagnir fyrir íbúðarhúsnæði – Gerð, staðsetning, lagnaleiðir og fjöldi tengistaða
- EN 50 174 Tæknilegir tengiskilmálar rafveitna
- Reglugerð um raforkuvirki
- Reglugerð HMS
- Byggingarreglugerð
- Reglur Fjarskiptastofnunar

Raflagnir eru með hefðbundum hætti, þ.e. huldar rörlagnir lagðar í steypu, létta veggi og utanáliggjandi í lagnir í strengstiga t.d. í bílageymslu og fleirri stöðum.
Allt innlagnarefni skal vera af vandaðri gerð og sé auðvelt í þrifum. Lok og rammi skal vera úr næloni. Tenglar skulu gerðir fyrir a.m.k. 16A mástraum miðað við 230V, 50Hz. Tenglar skulu vera af „Schuko" gerð.
**Töflur, lagnaleiðir og heimtaug**
Lágspennukerfið er 400/230V TN-S kerfi, þar sem N-leiðari og PE-leiðari eru aðgreindir í öllu kerfinu. Áætluð stærð heimtaugar er 3x400A (40 íbúðir, bílakjallari, atvinnurými ca. 520 m² og rafbílahleðsla). Aðaltafla er staðsett í inntaksrými á lóð. Frá aðaltöflu eru lág- og lóðréttar lagnaleiðir að greinatöflum í íbúðum og atvinnurýmum.
**Lýsing**
Utanáliggjandi lofttlampar eru í eldhúsi, þvottahúsi, baði og geymslu. Utanáliggjandi vegglampi er á baði.
Utanáliggjandi vegglampar, útí eru við innganga, völdum stöðum og á svölum. Ljósum verður almennt staðstýrt í herbergjum.
Utanáliggjandi lofttalampar eru í sameign. Utanáliggjandi vegglampar og/eða loftalampar, úti eru við inngang, á svölum og á völdum stöðum. Grunnlýsingu komið fyrir í atvinnurýmum.
Neyðarlýsing eru utanáliggjandi lofttlampar og út ljós eru utanáliggjandi loft- og/eða vegglampar.
Almennt verður lýsingin skv. ÍST EN 12464-1: 2002 staðli.
Neyðarlýsing verður skv. Byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50171 og ÍST EN 50172.
**Smáspennukerfi**
Fjarskiptakerfi er hannað sem „Class E UTP 100 ohm (Catagory 6) lagnakerfi. Allt efnisval skal miðað við þann staðal. Aðaðreifiskáp er staðsettur í tæknirými í kjallara.
Eftirfarandi smáspennukerfi verða í byggingunni:
- Fjarskiptakerfi, Cat 6 lagnakerfi, fyrir netsamband, síma og sjónvarp ásamt ljósleiðara frá aðaldreifiskáp upp í íbúðir og inn í hvert atvinnurými.
- Dyrasímakerfi með myndsímum.
- Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi verður í bílakjallara, sameign og atvinnurýmum, vistfangskerfi þar sem hver og einn skynjari ásamt inn- og útgangseiningum hefur sitt vistfang ásamt handboðum og bjöllum skv. ÍST EN 54 og reglum HMS. Strengir fyrir brunaviðvörunarkerfi skulu vera af viðurkenndri gerð og samkvæmt staðli.
- Stakir skynjarar með hljóðgjafa eru í íbúðum, a.m.k. einn fyrir hverja 80m2.

Loftræsikerfi skal vera eftirspurnarstýrt og virkni þess sannprófuð. Kopar er ekki leyfður í vatnslögnum nema í sýnilegum lögnum og vatnstengjum.
Ekki er gert ráð fyrir sérstöðum öryggisbúnaði og innbrotakerfi í byggingunni.

**l. Brunavarnir**
Texti unninn af Mannvit hf.
**Almennt um brunavarnir**
Um er að ræða 5 hæðna fjölbýlishús við Ásham 50 í Hafnarfirði með verslunar- og þjónusturými á 1. hæð og geymslur, tæknirými og bílgeymslu í kjallara. Brunavarnir hússins verða í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum. Íbúðarhús falla undir notkunarflokk 3, bílgeymslur undir notkunarflokk 1 og verslunar- og þjónusturými innan við 150m² falla einnig undir notkunarflokk 1. Þetta er í samræmi við gr. 9.1.3. í byggingarreglugerð.
**Brunaviðvörunarkerfi og reykskynjarar**
Í bílgeymslu verður sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Í staðin fyrir reykskynjara verður það uppbyggt af úðahausum sprinklerkerfis, handboðum og brunabjöllum. Einnig verða sett upp ljósmerki vegna heymaðaufra. Kerfið er rúmenarð kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) og ÍST EN 54. Stjórnstöð kerfisins verður í sprinklerklefa og skjástöðvar í anddyrum stigahúsa á 1. hæð. Við stjórnstöðina og skjástöðvar verður yfirlitsmynd og þjónustubók. Kerfið er þjónustað af aðila viðurkenndum af HMS. Í öllum íbúðum og á geymslugöngum skulu vera stakir reykskynjarar a.m.k. einn fyrir hverja 80 m² af gólffleti. Settir verða reykskynjarar í svefnherbergi.
**Slökkvitæki og stigleiðslur**
Í öllum íbúðum verða handslökkvitæki t.d. 9 lítra léttvatnstæki. Einnig verða handslökkvitæki í bílgeymslu t.d. duftteki eða léttvatnstæki. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við gr. 9.4.4. í byggingarreglugerð og skv. leiðbeiningarinnar 165.BR1 og ÍST EN 3. Í báðum stigahúsum skulu vera stigleiðslur til notkunar fyrir slökkvilið. Stigleiðslurnar skulu vera í samræmi við gr. 9.8.5. í byggingarreglugerð.
**Neyðarlýsing og ÚT- ljós**
Neyðarlýsing og ÚT-ljós verða í bílgeymslunni og flóttaleiðum frá bílgeymslunni. Einnig verður neyðarlýsing í lokaða stigahúsinu og gluggalausum göngum. Neyðarlýsing og ÚT- ljós verða í samræmi við byggingarreglugerð 112/2012, ÍST EN1838:2013, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar HMS og ISO 16069. Staðsetning ÚT-ljósa er sýnd á grunnmyndum.
**Vatnsúðakerfi**
Sjálfvirkt vatnsúðakerfi (sprinkler) verður í bílgeymslunni og þeim sérgeymslum sem opnast beint inn í bílgeymsluna. Vatnsúðakerfið skal vera hannað í samræmi við ÍST EN 12845. Bílgeymslan flokkast í áhættuflokk OH2 (ordinary hazard 2) samkvæmt ÍST EN 12845 með vatnsþéttleika 5 mm/min og hönnunarsvæði 144 m². Úðahausar skulu vera af „quick response" gerð. Inntaksskleki og stjórnbúnaður vatnsúðakerfisins verður í sérbrunahólfi aðgengilegur utanfrá. Klefinn og staðsetning hans er sýnd á aðaluppdráttum. Inndælingarstútar slökkviliðs skulu vera merktir með áberandi merki á útvegg. Vatnsúðakerfið skal vera tengt við brunaviðvörunarkerfið.
**Flóttaleiðir**
Frá öllum íbúðum eru tvær flóttaleiðir önnur flóttaleiðir en út á svalagang þaðan sem hægt er að fara inn í tvö stigahús með útgang beint út undir bert loft og hin út á svalir íbúðanna sem tæki slökkviliðs ná til. Verslunar- og þjónusturými á 1. hæð hafa tvær óháðar flóttaleiðir. Gert er ráð fyrir að hreyfihamlaðir sem ekki geta notað stiga af sjálfsdáðum geti beðið hjálpar í sínum íbúðum, á svölum íbúðanna eða á svalagöngum. Í bílgeymslu eru þrjár óháðar flóttaleiðir allar inn í stigahús og þaðan beint út. Í tveimur flóttaleiðum frá bílgeymslu verða örugg svæði fyrir hreyfihamlaða. Flóttaleiðir í húsinu eru í samræmi við gr. 9.5. í byggingarreglugerð.
**Klæðningar**
Húsið verður byggt úr járnbentri steinsteypu, veggir, loft og þak og klætt og einangrað að utan. Allar klæðningar bæði utan og innanhúss verða í flokki 1 $K_1$10, B-s1,d0. Í samræmi við gr. 9.7.3. í byggingarreglugerð þá verða yfirborðsfletir/klæðningar útveggja í flokki 1 og festiaðferð úr Á-efnum. Útveggir verða einangraðir með steinull. Ef sett er vinvörn á steinullina þá skal hún uppfylla B-s1,d0?. Einangrun þaks verður með plasteinangrun. Ofan á einangrun kemur 40-60 mm malarfarg eða hellur sem uppfylla flokkunina Broof(t2). Almennt skulu gólfefni vera í flokki $D_{fl}$-s1.
**Sambrunahætta**
Lóðrétt bil milli glugga í sitthvoru brunahólfinu skal vera 1,2m. Ef bilið er minna þarf annar glugginn að vera með E30 brunaþol. Sama á við í innhormum en þar þarf bil milli glugga að vera 2m.
**Brunahólf**
Allar íbúðir eru í sérstökum brunahólfum með EI 90 brunahólfun milli íbúða og EI 60 að göngum. Bílgeymsla er hólfuð frá öðrum rýmum hússins með EI 90 brunahólfun. Aðrir brunahólfandi veggir og hæðarskil eru með EI 60 brunakröfu. Milli bílgeymslu og kjallara hússins eru brunastúkur þar sem dyr bílgeymslumegin eru $EI_2$ 60-$CS_{200}$ og $EI_2$ 30-$CS_{200}$ kjallaramegin. Allar hurðir að íbúðum eru $EI_2$30-$CS_{200}$. Hurðir að stigahúsum geta verið E30-$CS_{200}$ þar sem það er ásættanlegt vegna lítils brunaálags. Geymslur sem opnast beint inn í bílgeymsluna skulu vera með EI 30-$S_{200}$ hurðir. Brunahólfun er sýnd á grunnmyndum.
**Loftræsikerfi**
Brunavarnir í loftræsikerfum hússins verða hannaðar í samræmi við byggingarreglugerð og þeim ákvæðum DS 428 sem uppfylla meginreglur byggingarreglugerðar. Hver íbúð er með sérstakt loftræsikerfi. Lagnastokkar með loftræsilögnum og öðrum lögnum skulu brunahólfaðir þannig að ekki sé hætta á að eldur og reykur dreifist þá leið milli brunahólfa. Afloku rými í kjallara verða loftræst í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og tryggt að loftræsing dreifi ekki reyk milli brunahólfa.
Bílgeymslan verður loftræst þannig að allar hættulegar og sprengifimar lofttegundir verða sogaðar út og safnist ekki fyrir og tryggt þannig með fullnægjandi hætti að hættulegar lofttegundir safnist ekki fyrir. Brunavarnir í loftræsikerfum bílgeymslunnar verða hannaðar í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og DS 428.
**Brunaþéttingar**
Lagnagat og önnur göt á milli brunahólfa eru þétt með sérstökum þéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð eru til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða seljanda efnanna og vera með viðurkenningu sem gildir hér á landi.
**Reyklosun**
Reyklosun úr stigahúsum verður um opnanlega glugga/dyr á hverri hæð sem eru a.m.k. með 0,25 m² opnun.
Reyklosun úr geymslugöngum verður um reyklosunarlúgur og dyr sem samtals eru a.m.k. með 0,5% opnun mv. gólfflatarmál. Þar sem bíl milli glugga í útveggjum og reyklúga er minna en 1,2 m skal vera E30 gler í gluggum.
Reyklosun úr bílgeymslu er um stiga sem opnast beint út á 1. hæð og tengist ekki öðrum hæðum og um innkeyrsludyr.
Reyklosun út úr öðrum hlutum hússins er í gegnum dyr og glugga á bygginunni.
Reyklosun svalaganga verður hefðbundin með 500 mm opnun að ofan alla leið og 100 mm opnun að neðan.
**Burðarvirki**
Allt burðarvirki hússins er gert úr járnbentri steinsteypu og hefur a.m.k. R90 brunaþol.
**Aðkoma slökkviliðs**
Aðkoma slökkviliðs er frá Ásham1. Hægt er að aka körfubílum slökkviliðs inn á ákveðin svæði á þakplötu bílgeymslunnar og þaðanná inn á svalir allra íbúða. Merkja skal greinilega þessi svæði með áberandi skiltum.
**Viðhald**
Um eldvarnir og eldvarnareftirlit í húsinu gildir reglugerð nr. 723/2017. Skráð eftirlit skal haft með öllum öryggiskerfum hússins.

**m. Hljóðvist**
Texti unninn af Myrru hljóðstofu ehf
Kröfur til hljóðvistar skv. gæðaflokki C í staðlinum ÍST45:2016, Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, verða uppfylltar í nýbyggingunni við Ásham 50. Í kröfum 6 og 15 eru skilgreindar kröfur til íbúðarhúsnæðis.
Fullnægjandi hljóðeinangrun verður tryggð með því að beita þekktum lausnum við uppbyggingu veggja og gólfplatna sem og við val á hurðum og gluggum. Gólfefni verða valin m.a. með högghljóðstig í nálægum rýmum í huga.
Frágangur tæknibúnaðar í bygginunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar, jafnt til lofthljóðeinangrunar milli rýma sem og hljóðstigs frá tæknibúnaði. Útveggir bygginganrinnar eru staðsteyptir, einangraðir að utan, og hljóð- einangrunargildi glerja áætlað til þess að hljóðstig innandyra uppfylli kröfur reglugerðar til hávaða frá umferð. Hljóðstig á útisvæðum verður innan marka reglugerðar um hávaða. Nánar er greint frá hljóðhönnun bygganna í greinargerð hljóðhönnuðar sem er fylgigagn með aðaluppdráttum.

**n & o. Öryggiskerfi og tæknibúnaður**
Lyfta í stigahúsi skal vera með innanmál amk. 1,1 x 2,1m, ljósmál hurðar amk. 0,8m breitt og 2,0m hátt og burðargetu amk.1000 kg. Stjórnborð lyftu og dyrasímakerfis skal taka mið af kröfum sbr. algilda hönnun. Lyfta skal stoppa á öllum hæðum stigahúss. Lyftustokkur er loftræstur um lofttúðu í þaki lyftuganga skv. gr. 14.11.2 byggingarreglugerð. Fylgja ber reglugerðum Vinnueftirlits varðandi uppsetningu og frágang lyftu og tæknibúnaðar, ss. lyftu, RL búnaðar, vélbúnaði hurða og loftræsibúnaði. Búnaður skal stilltur og prófaður áður en hann er tekinn í notkun. Eftirlit eldvörnum skal vera sbr. reglugerð 723/2017.
Til að tryggja öryggi umferða fyrir fram bílskúrhurð verður sett öryggismyndavél eða umferðaspegill
Handrið eru fyrirsréð við innri og ytri stiga og svalir.
Gler í gluggum í útveggi, í eða til hliðar við hurðir er lýst í efnisgreinh f. gler í öllum hurðum og gólfsíðum hliðargluggum skal vera öryggisgler, sbr. kröfur í RB(31)121.1 fyrir íbúðarhúsnæði, RB(31)121.3 fyrir atvinnuhúsnæðishluta, ÍST EN 12600 og NS 3510.
Öryggisþáttum í íróbarfrágangi er lýst á íóbaruppdrætti.
Heimilistæki skulu vera í næst besti orkuflokki EU orkumerkisins eða betra.

**p. Aðgengi og algild hönnun:**
Aðgengi og fyrirkomulag húss og lóðar eru hönnuð sbr. kröfur um algilda hönnun. Aðkoma, inngangar, sameiginleg- og sérnota innri rými eru hönnuð m.t.t.algildrar hönnunar.
Hæðarmunur við inngangshurðir og innri hurðir með þröskulda skal vera mest 25mm. Hurðir innanhúss skulu almennt vera án þröskulda. Breidd á öllum umferðarleiðum og geymslum er m.t.t. snúnings hjólastóla og skv. krófum um hindrunarlaust aðgengi hægt er að fjarlæga fataskápa við inngang ef þurfa þykir vegna 50cm rýmis við hlið inngangshurðar sbr 6.4.4. Fyrirkomulag eldhúsa, þvottahúsa og baðherbergja íbúða má almennt breyta með minniháttar breytingum sbr. leiðbeiningar HMS 6.7.3. Gert er ráð fyrir að inngangar verði með lagnaleiðum fyrir rafdrifna opnun og eru yfirbyggðir. Verði opnunarbúnaður tengdur, skal hann einnig tengdur varaafgjafa. Miða skal við að átak við að opna hurðir sé mest 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða og verði ekki meiri en 40 N. Stigahús eru með öryggissvæðum á öllum hæðum. Svalir eru með breplaust aðgengi með þeim takmörkunum að svalagólf er 20mm neðar en gólf íbúða og koma þarf fyrir skábraut til að jafna þann mun þar sem það á við. Litaval, hljóðvist, efnisval, lýsing og merkingar skulu uppfylla kröfur um algilda hönnun. Bílastæði hreyfihamlaðra eru staðsett bæði í lóð og í bílakjallara. Svæði utan við innganga verða með snjóbræðslu.

**q. Frágangur lóðar:**
Heildar stærð lóðar er 2.855,5 m². Heildar fíldi bílastæða á lóð eru 78, þar af 51 í bílageymslu. Þrjú stæði eru merkt fyrir hreyfihamlaða, tvö staðsett í bílageymslu en þrjú ofanjarðar. Bílastæði hreyfihamlaðra eru í sama plani og aðliggjandi stéttar að inngangi. Megin gönguleiðir eru snjóbræddar ásamt aðkomu frá bílastæðum hreyfihamlaðra. Bílastæði við götu eru lögð malbiki en bílastæði hreyfihamlaða eru hellulögð. Fjögur ralhleðslustæði eru staðsett meðfram götu sunnanmegin.
Megin stéttar og gönguleiðir eru hallulaðar. Hellulögð stétt tengist stigakerfi bæjarins en kvaðir eru um gönguleiðir á vetur-, suður og austur hlið hússins. Hjólageymsla er í húsinu en hjólagar eru við inngnag og í garði hússins.
Við atvinnurými á fyrstu hæð eru hellulögð sérafnotasvæði sem einkenna sig frá öðrum flötum í lit.
Aðkoma körfubíla slökkviliðs inn í garð eru um göngueiði sunnanmegin.
Garðsvæði byggingar einkennast af uppbyggðum gróðurkerum sem á er komið setmöguleikum og lýsingu. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum runnagróðri inann lóðar auk þess að þeir er ráð fyrir stofntrjám á víðlum stöðum.
Leiksvæði er staðsett á sólríkum stað með gróðr og bekkjum.

Nota skal PEFC eða FSC vottað timbur. Viður meðhöndlaður með þungmálmum er ekki leyfilegur, s.s. gangfúavarið timbur sem hefur verið á íslenskum markaði. Leyfilegt er að nota Svansvottað gagnfúavarið timbur. Ekki má nota timbur sem er á bannlista HYPERLINK "http://www.notdicecolabel.org/wood"www.notdicecolabel.org/wood . Utlýsing skal stýrð með tíma- eða hreyfiskynjara/sólklukkurofa. Lýsa gramon verður á þaði valið úr P13.

**r. Meðhöndlun úrgangs:**
Flokka skal sorp í 4 flokka. Komið er fyrir 5 djúpgámum á lóð Mhl 02. Gámar eru staðsettir við austanmegin við hús og er staðsetning samræmt deiliskipulagi. Aðstaða miðar við flokkun sbr. kröfur Hafnarfjarðar í þar til gerða djúpgáma. Djúpgámasamstæður eru aðgengilegar öllum íbúðum hússins og skiptast því ekki milli stigahúsa.

**Djúpgámar**

| | | **Blandað** | **Pappír** | **Plast** | **Lífrænt** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærð | | 5m³ | 5m³ | 5m³ | 5m³ | |
| Fjöldi gáma | | 1 stk | 2.stk | 1.stk | 1.stk | **5.stk** |
| **Þörf** | | | | | | **Heild** |
| | Fjöldi íbúða | m³ á íbúð | m³ á íbúð | m³ á íbúð | m³ á íbúð | |
| Íbúðir | 40 | 0,12 | 0,12 | 0,12 | 0,12 | |




## 1 Afstöðumynd
1 : 500

| Skráningartafla: | Áshamrar 50 - Djúpgámar | | | Skrásetjari: | Sandra Mjöll Sigurðardótti | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeignanúmer: | L231977 | | | Kennitala: | 090989-2789 | | | | | | | | | | | | |
| Matshlutanúmer: | 02 | | Útgáfa: 5.00 | Dags.: | 13.4.2023 | | | | | | | | | | | | |
| Uppskipting og lýsing | | | | Stærðir | | | | | | | | | | | | | |
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 Birt flatarmál m² | D14 Reiknitala skiptarúmmáls | D15 Skipta-rúmmál m³ |
| | | Matshluti | | | 22,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 22,5 | 0,0 | | | 59,5 | 22,5 | 22,5 | | 59,625 |
| | | Botn | | | | | | | | | | | 0,0 | | | | |
| | 00 | Kjallari | | | 22,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 22,5 | 0,0 | | | 59,5 | 22,5 | 22,5 | | |
| A | 0001 | Djúpgámar | T | 0001 | 22,5 | | | | 22,5 | | 2,65 | 2,65 | 59,5 | 22,5 | 22,5 | 2,65 | 59,625 |

Athugasemdir

Veggþykkt 0,18m

Sameignir sumra

| Eignar-hald | Notkun texti | Y-eignarhald | Notkun texti | Reikni-regla | Eignarhlutur |
|---|---|---|---|---|---|

Skiptarúmmál

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Séreign m³ án sameignar | Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0001 | Djúpgámar | 22,5 | 59,625 | 59,625 |
| | Alls | 22,5 | 59,625 | 59,625 |

| | Lóð m² | Botnplata m³ | Botnplata m² | Hjúpfletir: Útveggir m² | Þar af: Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þar af: Þakgluggar og þakop m² | Efsti hæðarkóti | Ummál ofanjarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Matshluti | | 0,0 | | | | | | | |

| Yfirlit | D5 Botnflötur m² | D5M milliflötur m² | D7 op m² | D8 Brúttóflötur m² með V og F | D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F | D11 Brúttórúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 birt flatarmál m² |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A rými | 22,5 | | | 22,5 | | 59,5 | 22,5 | 22,5 |
| Svalir A lokun | | | | | | | | |
| B rými | | | | | | | | |
| C rými | | | | | | | | |
| Fylgirými (F) | | | | | | | | |
| Afgangsrými (V) | | | | | | | | |
| Botnplata | | | | | | | | |
| Samtals: | 22,5 | 0,0 | 0,0 | 22,5 | 0,0 | 59,5 | 22,5 | 22,5 |

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

| | m² | Lóð m² | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls | 22,5 | 0,0 | 0,00 |




## 3 Djúpgámar - Mhl 2
1 : 100




## 2 Djúpgámar - Mhl 02
1 : 100

## Skráningartafla

| Skráningartafla: | Áshamrar 50 | | | Skrásetjari: | Sandra Mjöll Sigurðardótti | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeignanúmer: | L231977 | | | Kennitala: | 090989-2789 | | | | | | | | | | | | |
| Matshlutanúmer: | 01 | | Útgáfa: 5.00 | Dags.: | 5.12.2023 | | | | | | | | | | | | |
| Uppskipting og lýsing | | | | Stærðir | | | | | | | | | | | | | |
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 Birt flatarmál m² | D14 Reiknitala skiptarúmmáls | D15 Skipta-rúmmál m³ |
| | | Matshluti | | | 7.784,1 | 0,0 | 47,3 | 43,4 | 6.725,7 | 1.015,0 | | | 21.462,8 | 5.926,1 | 4.676,3 | | 17.394,997 |
| | | Botn | | | | | | | | | | | 482,4 | | | | |
| | 00 | Kjallari | | | 2.186,9 | 0,0 | 13,9 | 0,0 | 2.186,9 | 0,0 | | | 6.179,9 | 2.058,7 | 460,3 | | |
| A | 0001 | Geymsla | N | 0502 | 12,4 | | | | 12,4 | | 3,00 | 3,00 | 37,1 | 10,4 | 12,4 | 3,00 | 31,200 |
| A | 0002 | Geymsla | N | 0406 | 13,0 | | | | 13,0 | | 3,00 | 3,00 | 38,9 | 10,5 | 13,0 | 3,00 | 31,500 |
| A | 0003 | Geymsla | N | 0403 | 11,9 | | | | 11,9 | | 3,00 | 3,00 | 35,6 | 10,5 | 11,9 | 3,00 | 31,500 |
| A | 0004 | Geymsla | N | 0302 | 7,1 | | | | 7,1 | | 3,00 | 3,00 | 21,3 | 6,0 | 7,1 | 3,00 | 18,000 |
| A | 0005 | Geymsla | N | 0402 | 6,9 | | | | 6,9 | | 3,00 | 3,00 | 20,7 | 6,0 | 6,9 | 3,00 | 18,000 |
| A | 0006 | Geymsla | N | 0404 | 6,9 | | | | 6,9 | | 3,00 | 3,00 | 20,7 | 6,0 | 6,9 | 3,00 | 18,000 |
| A | 0007 | Geymsla | N | 0405 | 6,9 | | | | 6,9 | | 3,00 | 3,00 | 20,7 | 6,0 | 6,9 | 3,00 | 18,000 |
| A | 0008 | Geymsla | N | 0304 | 7,1 | | | | 7,1 | | 3,00 | 3,00 | 21,3 | 6,0 | 7,1 | 3,00 | 18,000 |
| A | 0009 | Geymsla | N | 0206 | 7,3 | | | | 7,3 | | 3,00 | 3,00 | 21,9 | 6,2 | 7,3 | 3,00 | 18,600 |
| A | 0010 | Geymsla | N | 0204 | 7,4 | | | | 7,4 | | 3,00 | 3,00 | 22,2 | 6,5 | 7,4 | 3,00 | 19,500 |
| A | 0011 | Geymsla | N | 0305 | 10,3 | | | | 10,3 | | 3,00 | 3,00 | 30,8 | 9,0 | 10,3 | 3,00 | 27,000 |
| A | 0012 | Geymsla | N | 0201 | 8,8 | | | | 8,8 | | 3,00 | 3,00 | 26,4 | 7,6 | 8,8 | 3,00 | 22,800 |
| A | 0013 | Geymsla | N | 0202 | 8,6 | | | | 8,6 | | 3,00 | 3,00 | 25,8 | 7,6 | 8,6 | 3,00 | 22,800 |
| A | 0014 | Geymsla | N | 0303 | 8,6 | | | | 8,6 | | 3,00 | 3,00 | 25,8 | 7,6 | 8,6 | 3,00 | 22,800 |
| A | 0015 | Geymsla | N | 0307 | 8,8 | | | | 8,8 | | 3,00 | 3,00 | 26,4 | 7,6 | 8,8 | 3,00 | 22,800 |
| A | 0016 | Geymsla | N | 0301 | 15,5 | | | | 15,5 | | 3,00 | 3,00 | 46,4 | 13,9 | 15,5 | 3,00 | 41,700 |
| A | 0017 | Geymsla | N | 0507 | 11,6 | | | | 11,6 | | 3,00 | 3,00 | 34,7 | 9,9 | 11,6 | 3,00 | 29,700 |
| A | 0018 | Geymsla | N | 0503 | 11,0 | | | | 11,0 | | 3,00 | 3,00 | 32,9 | 9,7 | 11,0 | 3,00 | 29,100 |
| A | 0019 | Geymsla | N | 0506 | 12,2 | | | | 12,2 | | 3,00 | 3,00 | 36,5 | 9,8 | 12,2 | 3,00 | 29,400 |
| A | 0020 | Geymsla | N | 0501 | 15,3 | | | | 15,3 | | 3,00 | 3,00 | 45,8 | 13,3 | 15,3 | 3,00 | 39,900 |
| A | 0021 | Geymsla | N | 0505 | 11,7 | | | | 11,7 | | 3,00 | 3,00 | 35,0 | 10,1 | 11,7 | 3,00 | 30,300 |
| A | 0022 | Geymsla | N | 0401 | 11,4 | | | | 11,4 | | 3,00 | 3,00 | 34,1 | 10,1 | 11,4 | 3,00 | 30,300 |
| A | 0023 | Geymsla | N | 0407 | 11,7 | | | | 11,7 | | 3,00 | 3,00 | 35,0 | 10,1 | 11,7 | 3,00 | 30,300 |
| A | 0024 | Geymsla | N | 0205 | 11,7 | | | | 11,7 | | 3,00 | 3,00 | 35,0 | 10,1 | 11,7 | 3,00 | 30,300 |
| A | 0025 | Geymsla | N | 0306 | 11,4 | | | | 11,4 | | 3,00 | 3,00 | 34,1 | 10,1 | 11,4 | 3,00 | 30,300 |
| A | 0026 | Geymsla | N | 0203 | 11,6 | | | | 11,6 | | 3,00 | 3,00 | 34,7 | 10,1 | 11,6 | 3,00 | 30,300 |
| A | 0027 | Geymsla | N | 0504 | 11,9 | | | | 11,9 | | 3,00 | 3,00 | 35,6 | 10,3 | 11,9 | 3,00 | 30,900 |
| A | 0028 | Geymsla | N | 0209 | 7,9 | | | | 7,9 | | 3,00 | 3,00 | 23,7 | 7,1 | 7,9 | 3,00 | 21,300 |
| A | 0029 | Geymsla | N | 0210 | 9,1 | | | | 9,1 | | 3,00 | 3,00 | 27,3 | 7,6 | 9,1 | 3,00 | 22,800 |
| A | 0030 | Geymsla | N | 0309 | 13,8 | | | | 13,8 | | 3,00 | 3,00 | 41,3 | 12,2 | 13,8 | 3,00 | 36,600 |
| A | 0031 | Geymsla | N | 0310 | 8,0 | | | | 8,0 | | 3,00 | 3,00 | 24,0 | 7,2 | 8,0 | 3,00 | 21,600 |
| A | 0032 | Geymsla | N | 0409 | 9,0 | | | | 9,0 | | 3,00 | 3,00 | 27,0 | 7,7 | 9,0 | 3,00 | 23,100 |
| A | 0033 | Geymsla | N | 0410 | 8,6 | | | | 8,6 | | 3,00 | 3,00 | 25,8 | 7,7 | 8,6 | 3,00 | 23,100 |
| A | 0034 | Geymsla | N | 0408 | 10,2 | | | | 10,2 | | 3,00 | 3,00 | 30,5 | 9,3 | 10,2 | 3,00 | 27,900 |
| A | 0035 | Geymsla | N | 0509 | 15,3 | | | | 15,3 | | 3,00 | 3,00 | 45,8 | 12,7 | 15,3 | 3,00 | 38,100 |
| A | 0036 | Geymsla | N | 0510 | 11,8 | | | | 11,8 | | 3,00 | 3,00 | 35,3 | 10,2 | 11,8 | 3,00 | 30,600 |
| A | 0037 | Geymsla | N | 0508 | 12,0 | | | | 12,0 | | 3,00 | 3,00 | 35,9 | 9,3 | 12,0 | 3,00 | 27,900 |
| A | 0038 | Geymsla | N | 0308 | 7,8 | | | | 7,8 | | 3,00 | 3,00 | 23,4 | 6,1 | 7,8 | 3,00 | 18,300 |
